

Steinull hf.
Skarðseyri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík 5. júní 2019
UST201802-354/F.T.
08.08.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 21. desember 2018 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 1. nóvember 2018. Úrbótaáætlun rekstraraðila hefur borist stofnuninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Grein 3.1 í starfsleyfi. Hávaðamælingar hafa ekki verið framkvæmdar á starfsleyfistímanum en slíkar mælingar skulu gerðar a.m.k. annað hvert ár samkvæmt starfsleyfi. **Hávaðamælingar hafa borist stofnuninni og telst frávikinu lokið.**
2. Grein 2.4 í starfsleyfi. Niðurstöður útblástursmælinga 2011, 2013, 2015 og 2017 sýna að útblásturshraði í skorsteini er lægri en 20 m/s sem er lágmarkshraði samkvæmt ákvæðum starfsleyfis ellegar skuli rekstraraðili sýna fram á að ákvæði um loftgæði séu uppfyllt. **Rekstraraðili hefur sýnt fram á að dreifing ryks frá útblæstri verksmiðjunnar stenst kröfur reglugerða um loftgæði. Frávikinu telst því lokið.**


Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

